

Alþingi
Nefndasvið (atvinnuveganefnd)
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðandi rammaáætlun (tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða - 727. mál)

Ég lýsi yfir vonbrigðum með að í þingsályktunartillögunni eru pólitískar skoðanar látnar ráða för en ekki gert ráð fyrir að nýta hina miklu vinnu faghópa og verkefnisstjórnar um rammaáætlun til að þess að skapa víðtæka sátt um nýtingu orkuauðlinda á Íslandi. Nú er efnahagskreppa yfir landið með tilheyrandi atvinnuleysi og er verulegur skortur á framtíðarmöguleikum fyrir ungt fólk á vinnumarkaði. Það er því mikilvægt að nýta þau tækifæri sem eru til staðar til atvinnuuppbyggingar til framtíðar. Öfgasjónarmið í umhverfisvernd mega ekki ráða för heldur ber Alþingi, sem og öllum öðrum stofnunum, að virða niðurstöður óháðra sérfræðinga og taka tillit til þeirra í svo stóru máli. Óljós og órökstudd tilfinningarök, sem ganga þvert gegn faglegum vinnubrögðum, eru ekki ásættanlegur grundvöllur ákvarðana um framtíðarnýtingu auðlinda landsins.

Öðrum fremur, var sú ákvörðun að setja Gjástykki í verndarflokk, ófagleg og gengur gegn niðurstöðum þeirra sérfræðinga sem komu að gerð rammaáætlunar. Með því að nýta Gjástykki til orkuöflunar með sjálbærum og skynsamlegum hætti verða til gullin tækifæri til atvinnuuppbyggingar á Norðausturlandi í orkufrekum iðnaði, með tilheyrandi fjölgun starfa og eflingar samfélagsins á svæðinu.

Með kveðju / Best regards
Snæbjörn Sigurðarson
Kt. 281274-6009
Verkefnastjóri / Project manager
Norðurþing
Sími / tel +354-464-6100
www.nordurthina.is